

## Aðalfundur NAUST 24.10. 2015 kl. 13.00

Fundurinn er haldinn í húsnæði Ferðafélags Fljótsdalshéraðs á Egilsstöðum

Mættir: Skúli Benediktsson, Kristín Jónsdóttir, Þórhallur Þorsteinsson, Hjörleifur Guttormsson, Skarphéðinn G Þórisson, Þórhallur Pálsson, Sóley Valdimarsdóttir, Gudrun Schmidt, Sævar Halldórsson, Erla Dóra Vogler, Ragnhildur Indriðadóttir, Sigurjón Bjarnason, Ragna Fanney Jóhannsdóttir

Dagskrá:

1. Fundarsetning og kjör starfsmanna
2. Skýrsla stjórnar og reikningar
3. NAUST 45 ára. Upprifjun úr sögu samtakanna.
4. Drög að ályktunum
5. Lagabreytingar. Kynntar tillögur
6. Inntaka nýrra félaga
7. Samstarf NAUST og Landverndar
8. Kosning stjórnar
9. Afgreiðsla ályktana
10. Önnur mál
11. Ákvörðun árgjalds.

1. Kristín Jónsdóttir formaður setur fund, Sigurjón Bjarnason er kosinn fundarstjóri og ritari Ragnhildur Rós Indriðadóttir.
2. Hvorki lögð fram skýrsla stjórnar né eru reikningar tilbúnir. Fundurinn samþykkir að fresta þessum lið og felur stjórn að boða til framhaldsaðalfundar innan tíðar.
3. Hjörleifur Guttormsson rifjar upp í máli og myndum sögu samtakanna síðustu 45 árin en hann var einn af hvatamönnum þess að þau yrðu stofnuð á sínum tíma. Hann kemur víða við m.a. í Náttúruverndarráði, Ríó de Janero, Jóhannesarborg, Vatnajökulspjóðgarði, Arnardal, Árósum..Í máli hans kemur fram að Elín Pálmadóttir var fyrsta konan sem kjörin var í Náttúruverndarráð árið 1978
4. Fundarstjóri leggur til að 4. og 8. liður verði sameinaðir og er það samþykkt. Breytist þar með númer dagskrárlíða. Hjörleifur kynnir eftirfarandi drög að ályktunum.

### **Um fræðslu og umræðu um skipulagsmál**

Aðalfundur NAUST 2015 hvetur til meiri og opnari umræðu um skipulagsmál en verið hefur og beinir þeim tilmælum til félaga í náttúruverndarsamtökum að setja sig sem best inn í ferli skipulagsmála með það að markmiði að hafa áhrif á ákvarðanir sveitarstjórna á þessu sviði. Markmið skipulagslaga er m.a. „ að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir

umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“ (Skipulagslög nr. 123/20110) Til að upplýsa og fræða almenning um skipulagsmál telur fundurinn æskilegt að ráðnir verði sérmenntaðir skipulagsfræðingar að náttúrustofum landshlutanna og verði laun þeirra greidd af ríkissjóði. Rædd og samhljóða samþykkt óbreytt

#### **Um vinnu að friðlýsingarmálum**

Aðalfundur NAUST 2015 átelur seinagang við vinnu að friðlýsingarmálum sem formlega hafa verið tekin á dagskrá hjá stjórnvöldum, m.a. samkvæmt náttúruverndaráætlunum. Dæmi um þetta hér austanlands eru tafir við vinnu á vegum Umhverfisstofnunar að friðlýsingu Gerpissvæðisins, en senn eru liðin 20 ár frá því tilmæli þar að lútandi voru samþykkt af viðkomandi sveitarstjórnnum og málið síðan tekið upp í náttúruverndaráætlun með samþykki Alþingis. Rædd og samþykkt óbreytt

#### **Um baráttu við ágengar tegundir**

Aðalfundur NAUST 2015 vekur athygli á þeirri umhverfisvá sem ágengar tegundir eins og lúpína og skógarkerfill valda í gróðurriki landsins. Afleiðingarnar blasa nú við í flestum byggðarlögum á Austurlandi, ekki síst í nágrenni þéttbýlis. Brýnt er að bregðast við með samræmdum aðgerðum, m.a. til að koma í veg fyrir að slíkir vágestir leggi undir sig friðlýst svæði. Dæmi um það eru Þjóðgarðurinn í Skaftafelli, Hólmanes og Fólkvangur Neskaupstaðar. Rædd og samþykkt óbreytt

#### **Um heildstæða löggjöf um gróður- og jarðvegsvernd**

Aðalfundur NAUST 2015 telur brýnt að sett verði heildstæð löggjöf um gróður- og jarðvegsvernd sem byggi á bestu fánægri þekkingu, ákvæðum alþjóðasamninga og reynslu hér heima og erlendis. Slík löggjöf ætti m.a. að taka til skógverndar, skógræktar og landgræðslu og leysa af hólmi hálftrar aldar gamla lagabálka um þau efni. Rædd og samhljóða samþykkt óbreytt

#### **Um samstarf náttúruverndarfélag**

Aðalfundur NAUST fagnar því samstarfi sem tekist hefur með náttúruverndarfélagum héraendis undanfarin ár og væntir að það eigi eftir að eflast framvegis. Sérstaklega fagnar fundurinn auknum styrk Landverndar með fjölda nýrra félagsmanna, en NAUST hefur allt frá stofnun verði aðili að Landvernd. Samþykkt samhljóða óbreytt

#### **Um umgengni í dreifbýli og þéttbýli**

Þótt umgengni til sjávar og sveita hafi almennt batnað til muna á síðustu áratugum er þó enn alltof víða að finna svarta sauði, m.a. á sveitabæjum sem engin lög eða reglur virðast ná yfir. Hið sama á við sums staðar á eyðibýlum þar sem við blasa hálfhrunin mannvirki og leifar girðinga sem skapa hættur fyrir gesti og gangandi, búfenað og hreindýr. Skorað er á sveitarstjórnir að ráða bót á þessu og löggjafann að herða reglur þar sem opinberum fyrirmælum kann að vera ábótavant.

Í umræðum var samþykkt að fella niður eftirfarandi úr annarri línu „að finna svarta sauði, m.a. á sveitabæjum“, en setja þess í stað orðið „reiðuleysi“.

Tillagan var samþykkt með áorðinni breytingu svohljóðandi:

Þótt umgengni til sjávar og sveita hafi almennt batnað til muna á síðustu áratugum er þó enn alltof víða reiðuleysi sem engin lög eða reglur virðast ná yfir. Má þar m.a. nefna eyðibýli þar sem við blasa hálfhrunin mannvirki og leifar girðinga sem skapa hættur fyrir gesti og gangandi, búfenað og hreindýr. Skorað er á sveitarstjórnir og landeigendur að ráða bót á þessu og löggjafann að herða reglur þar sem opinberum fyrirmælum kann að vera ábótavant

### **Um silfurberg**

Aðalfundur NAUST lýsir ánægju með löngu tímabærar lagfæringar á aðgengi að silfurbergsnámunni á Helgustöðum sem friðlýst var 1975. Jafnframt er Breiðdalssetri þakkað frumkvæði að myndarlegri sýningu um silfurberg sem þar var opnuð sl. sumar. Aðalfundurinn hvetur eindregið til þess að í Fjarðabyggð verði komið upp sérsýningu um silfurberg og nýtingu þess á heimsvísu, en Leó Kristjánsson jarðeðlisfræðingur hefur dregið saman heimildir um þau efni af kostgæfni. [Samþykkt samhljóða óbreytt](#)

### **Um Teigarhorn og umhverfismál í Djúpavogshreppi**

Aðalfundur NAUST 2015 óskar Djúpavogshreppi til hamingju með þann mikla árangur sem þar hefur náðst í umhverfis- og skipulagmálum fyrir markvissa baráttu sveitarstjórnar mörg undanfarin ár. Sérstaklega fagnar fundurinn því átaki sem gert hefur verið nýlega með stuðningi af hálfu ríkisins varðandi jörðina Teigarhorn og þær jarðmyndanir, steindir og þjóðminjar sem þar er að finna.

Umræður urðu um tillöguna og samþykkt að fella orðið „mikla“ niður úr fyrstu línu.

#### Tillagan var samþykkt svohljóðandi án mótatkvæða:

Aðalfundur NAUST 2015 óskar Djúpavogshreppi til hamingju með þann árangur sem þar hefur náðst í umhverfis- og skipulagmálum fyrir markvissa baráttu sveitarstjórnar mörg undanfarin ár. Sérstaklega fagnar fundurinn því átaki sem gert hefur verið nýlega með stuðningi af hálfu ríkisins varðandi jörðina Teigarhorn og þær jarðmyndanir, steindir og þjóðminjar sem þar er að finna.

Skarphéðinn kynnir eftirfarandi ályktanir

### **Stækkun austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs**

Náttúruverndarsamtök Austurlands fagna stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs sem nemur Krepputungu. Hvatt er til þess að áfram verði unnið markvisst að því að Brúaröræfi á milli Hálslóns og Krepputungu verði hluti þjóðgarðsins hið fyrsta. Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs þarf að skoða og skilgreina sem eina heild hvað varðar verndun, skipulag og nýtingu. Það verður ekki fyllilega gert fyrr en fyrrnefnt svæði tengir saman Krepputungu og Snæfellsöræfi. [Rædd og samþykkt samhljóða](#)

### **Gulleit á Austurlandi**

Aðalfundur NAUST 24. október hvetur sveitarstjórnarmenn á Austurlandi til að kanna til hlítar og kynna fyrir almenningi hvað felst í fyrirætlunum um gull og koparvinnslu í nágrenni forneldstöðvanna sem kenndar eru við Kollumúla og Þingmúla.

Rædd og samþykkt svohljóðandi án mótatkvæða:

Aðalfundur NAUST 24. október hvetur sveitarstjórnarmenn á Austurlandi til að kanna til hlítar og kynna fyrir almenningi hvað felst í fyrirætlunum um gull og koparvinnslu í nágrenni forneldstöðvanna sem kenndar eru við Fagradal í Vopnafirði og Þingmúla

5. Samþykkt að vísa tillögu um lagabreytingar til stjórnar sem fullgeri þær og leggi fyrir framhaldsaðalfund innan 6 vikna.
6. Fundarstjóri fær samþykki fundarins til þess að bæta hér inn lið sem er inntaka nýrra félaga. Eftirfarandi eru nýir félagar og eru þau boðin velkomin. Erla Dóra Vogler, Sævar Halldórsson, Þórhallur Pálsson, Sóley Valdimarsdóttir og Ragna Fanney Jóhannsdóttir.
7. Eftirtalin bjóða sig fram til stjórnasetu: Erla Dóra Vogler til formanns, Sóley Valdimarsdóttir sem ritari og Þórhallur Pálsson sem gjaldkeri. Ekki bærust önnur framboð og þau því sjálfkjörin.  
Til varamanna buðu sig fram, Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Gudrun Schmidt og Skúli Benediktsson og eru þau einnig sjálfkjörin. Í fráfarandi stjórn sátu Kristín Jónsdóttir, Hildur Þórsdóttir og Skúli Benediktsson, til vara voru Þórhallur Þorsteinsson og Jónína Óskarsdóttir.
8. Hjörleifur les upp bréf frá framkvæmdastjóra Landverndar þar sem hann harmar að ekki hafi tekist að senda fulltrúa frá þeim á fundinn en ítrekar einbeittan vilja stjórnar Landverndar til þess að styðja á margvíslegan hátt við starfsemi NAUST.
9. Kristín þakkar Hjörleifi og Skarphéðni fyrir að vera styrkar stoðir fyrir stjórnina sérlega í undirbúningi fyrir þennan fund.  
Þórhallur Þorst. beinir því til nýrrar stjórnar að álykta sem fyrst um það að þrengja möguleika þeirra sem eru á farartækjum og koma sér fyrir á bílastæðum og útskotum þar sem engin aðstaða er fyrir hendi. Sævar bætir við að mörg félagssamtök og sveitarfélög hafi þegar gert þetta.  
Skúli biður um gögn til að geta lokið fundargerð aðalfundar 2013 og mun leggja hana fram á framhaldsaðalfundi.  
Hjörleifur þakkar fráfarandi stjórn og nýrri stjórn. Hann telur töluvert gagn í félagssamtökum eins og NAUST og fagnar áframhaldandi starfsemi. Leggur hann til að NAUST efli tengsl við svipuð samtök í öðrum landshlutum. Skv Árósasamningnum liggur aðgengi slíkra samtaka opið að stjórnvöldum með árlegum samstarfsfundum í ráðuneytinu.
10. Ákvörðun árgjalds. Nú er árgjaldið 1500 kr. og samþykkt samhljóða að hækka það í 2000 kr.

Fundarstjóri frestar fundi kl. 16.20 og þakkar þátttakendum komuna.

Ragnhildur Indriðadóttir ritaði fundargerð